Samantekt



BLÁA LÓNIÐ

SAMANTEKT

Samantekt þessi er gerð í samræmi við 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 og 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/979, með síðari breytingum.

A. Inngangur með varnaðarorðum

Samantekt þessi skal lesin sem inngangur að lýsingu Bláa Lónsins hf., kt. 431023-1130, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík (hér eftir „**Bláa Lónið**“, „**útgefandinn**“, „**samstæðan**“ eða „**félagið**“) sem samanstendur af þessari samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu dagsettum 5. nóvember 2026 (hér eftir „**lýsing**“). Samantektin er í fjórum hlutum: a) Inngangur með varnaðarorðum; b) lykilupplýsingar um útgefandann; c) lykilupplýsingar um verðbréfin; og d) lykilupplýsingar um viðkomandi almennt útboð og töku til viðskipta á skipulegum markaði.
Samantektin skal lesin með hliðsjón af lýsingunni og skal ákvörðun fjárfesta um fjárfestingu í þeim verðbréfum, sem samantekt þessi varðar, byggja á grundvelli lýsingarinnar í heild sinni. Fjárfestum er bent á að gera eigin sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í verðbréfum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að þeir gætu tapað allri eða hluta af fjárfestingu sinni í verðbréfum útgefanda. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem fjárfesting í verðbréfum útgefnum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík (hér eftir „**Fjármálaeftirlitið**“), sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 2017/1129 (hér eftir „**lýsingarreglugerðin**“). Fjármálaeftirlitið staðfestir einungis lýsinguna í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í lýsingarreglugerðinni. Ekki skal líta á staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á lýsingu þessari sem stuðning við útgefandann eða gæði verðbréfa félagsins.

Ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í lýsingunni gæti fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað af þýðingu á lýsingunni, samkvæmt landslögum, áður en málarekstur hefst. Einkaréttarleg ábyrgð fellur eingöngu á þá aðila sem leggja fram samantektina þ.m.t. þýðingu hennar, og einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, þegar hún er lesin ásamt öðrum hlutum lýsingarinnar, lykilupplýsingar til að aðstoða fjárfesta við mat á því hvort fjárfesta skuli í viðkomandi verðbréfum. Útgefandi lýsir því yfir að lýsing sú sem samantekt þessi er hluti af var tekin saman í tengslum við almennt hlutafjárútboð Bláa Lónsins og umsókn um töku allra hlutabréfa félagsins til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland hf. Ekki er veitt leyfi til notkunar lýsingarinnar í neinum öðrum tilgangi.

Lögformlegt heiti	Bláa Lónið hf.
Viðskiptaheiti	Bláa Lónið / Blue Lagoon
Höfuðstöðvar og lögheimili	Höfuðstöðvar: Urriðaholtsstræti 2-4, 210 Garðabæ Lögheimili: Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík
Heiti verðbréfanna	BLUE
ISIN númer	IS0000036101
LEI númer	9845000543899455CV23
Vefsíða	www.blaalonidhf.is

Símanúmer	+354 420 8800
Lögbært yfirvald sem staðfesti lýsinguna	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, tölvupóstfang: lysingar@sedlabanki.is
Dagsetning staðfestingar lýsingarinnar	6. nóvember 2026

B. Lykilupplýsingar um útgefandann

Hver er útgefandi verðbréfanna?

Útgefandi verðbréfanna er Bláa Lónið hf., kt. 431023-1130. Bláa Lónið er íslenskt hlutafélag og starfar samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Starfsemi samstæðunnar felst meðal annars í rekstri baðstaða, gististaða, veitingastaða og verslana, sem og annarri upplifunar- og vellíðunartengdri ferðaþjónustu, auk þróunar, framleiðslu og sölu á húð- og heilsuvörum.

Kjarnastarfsemi Bláa Lónsins fer einkum fram í Svartsengi, þar sem rekin eru baðlón Bláa Lónsins, hótelin Silica Hotel og The Retreat, veitingastaðir, verslanir og tengd þjónusta. Samstæðan rekur einnig áfangastaði og ferðaþjónustu víðar á Íslandi, meðal annars í Kerlingarfjöllum, Hrauneyjum, Hoffelli og við Laugarvatn. Samstæða Bláa Lónsins samanstendur af 18 dótturfélögum og 3 hlutdeildarfélögum.

Bláa Lónið hefur gert bindandi kaupsamning um kaup á öllu útgefnu hlutafé Arctic Adventures hf. Öll skilyrði kaupsamningsins, þar á meðal samþykki Samkeppniseftirlitsins, hafa verið uppfyllt.

Við dagsetningu þessarar lýsingar voru hluthafar félagsins 103 talsins. Þrír hluthafar eiga meira en 10% hlutafjár en þeir eru Kólfur ehf. með 24,85%, Lífeyrissjóður verzlunarmanna með 10,52% og Gildi lífeyrissjóður með 10,17%. Frjálsi lífeyrissjóðurinn á 5,65% hlutafjár. Aðrir hluthafar fara með undir 5% eignarhlut. Bláa Lónið á 0,01% af eigin hlutum. Hluthafar félagsins eru eftirfarandi aðilar.

Hluthafi	**Fjöldi hluta**	**Hlutfallsleg eign**
Kólfur ehf.[1]	217.396.070	24,85%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	92.011.578	10,52%
Gildi lífeyrissjóður	88.946.470	10,17%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	49.437.266	5,65%
Almenni – Lífsverk lífeyrissjóður	39.914.511	4,56%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	38.869.118	4,44%
Stoðir hf.	37.483.406	4,28%
M4 ehf.[2]	34.413.176	3,93%
Festa lífeyrissjóður	33.937.080	3,88%
Birta lífeyrissjóður	27.986.480	3,20%
Samtals 10 stærstu	**660.395.155**	**75,49%**
Aðrir útistandandi hlutir	214.239.246	24,50%
Samtals útistandandi hlutir	**874.634.401**	**99,99%**
Eigin hlutir	129.088	0,01%
Útgefnir hlutir samtals	**874.763.489**	**100%**

Útgefanda er ekki kunnugt um að hann sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila. Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald í Bláa Lóninu en að framan greinir eða að félaginu sé

[1] Kólfur ehf. er í 50% eigu Gríms Sæmundsen, stjórnarformanns Bláa Lónsins hf. og 50% í eigu eiginkonu Gríms, Bjargar Jónsdóttur.

[2] M4 ehf. er í fullri eigu Sigurðar Þorsteinssonar framkvæmdastjóra í Bláa Lóninu.

stjórnað af öðrum aðilum en greint er frá í lýsingunni. Jafnframt er útgefanda ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en koma fram í lýsingunni sem geta leitt til breytinga á yfirráðum í félaginu.

Eftirfarandi einstaklingar skipa framkvæmdastjórn félagsins við útgáfu lýsingarinnar:

- Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri (CEO)
- Helgi Júlíusson, framkvæmdastjóri fjármála (CFO)
- (Þórunn) Hildur Þórisdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs (CHRO)
- Jóhann Valur Sævarsson, framkvæmdastjóri sölu (CCO)
- Sigrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar (COO)
- Sigurður Long, framkvæmdastjóri tækni (CTO)
- Sigurður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri hönnunar (CDO)

Endurskoðandi útgefanda fyrir fjárhagsárin 2025, 2024 og 2023 var KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík („KPMG“) og fyrir þeirra hönd Ólafur Már Ólafsson og Díana Hilmarsdóttir, löggiltir endurskoðendur og eru þau aðilar að Félagi löggiltra endurskoðenda.

Helstu fjárhagsupplýsingar um útgefandann

Fjárhagsupplýsingar fyrir árin 2023-2025 eru fengnar úr endurskoðuðum uppgjörum félagsins og upplýsingar fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026 eru fengnar úr könnuðum samstæðuárshlutareikningi, gerðum í samræmi við IAS 34, ásamt samanburðarupplýsingum fyrir sama tímabil árið 2025.

Rekstrarreikningur

Fjárhæðir eru í þús. EUR	**1.1.2026-30.9.2026**	**1.1.2025-30.9.2025**	**2025**	**2024**	**2023**
Rekstrartekjur alls	130.377	118.925	156.075	115.073	140.006
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	28.371	26.575	29.417	9.576	38.834
Hagnaður (tap) ársins/tímabils	8.116	8.929	6.643	(7.559)	18.258

Efnahagsreikningur

Fjárhæðir eru í þús. EUR	**30.9.2026**	**31.12.2025**	**31.12.2024**	**31.12.2023**
Eignir samtals	504.492	423.542	402.751	384.215
Eigið fé samtals	232.790	220.785	214.171	219.007
Skuldir samtals	271.702	202.757	188.580	165.208

Sjóðstreymi

Fjárhæðir eru í þús. EUR	**1.1.2026-30.9.2026**	**1.1.2025-30.9.2025**	**2025**	**2024**	**2023**
Handbært fé frá rekstri	21.374	20.731	21.078	9.943	25.598
Fjárfestingarhreyfingar samtals	(53.103)	(29.438)	(44.836)	(28.064)	(51.337)
Fjármögnunarhreyfingar samtals	50.877	6.420	12.532	21.840	9.026
Handbært fé við lok tímabilsins	25.746	15.537	6.598	17.824	14.105

Stjórnarformaður og forstjóri Bláa Lónsins hafa lýst því yfir fyrir hönd útgefanda að veltufé þess sé nægilegt til að uppfylla núverandi þarfir félagsins.

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda frá dagsetningu síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskila útgefanda. Engar mikilvægar breytingar á fjárhagslegri

afkomu eða fjárhagsstöðu útgefanda hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils sem birtar fjárhagsupplýsingar ná til.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefandann

Áhætta tengd efnahagsumhverfi

- Starfsemi Bláa Lónsins er að verulegu leyti háð erlendum ferðamönnum, en viðskiptavinir félagsins eru að langmestu leyti erlendir ferðamenn. Almennar efnahagsaðstæður á Íslandi og á helstu markaðssvæðum félagsins geta því haft áhrif á rekstur, afkomu og fjárhagsstöðu þess. Breytingar á efnahagsaðstæðum, svo sem hagvexti, ráðstöfunartekjum, atvinnustigi, verðbólgu, vaxtastigi og gengi, sem og breytingar á pólitískum stöðugleika og samgöngum, geta haft áhrif á vilja, getu og frelsi fólks til að ferðast. Sama gildir um vinnudeilur, náttúruhamfarir, heimsfaraldra, styrjaldir eða alþjóðlegar viðskiptadeilur.

Rekstraráhætta

- Ýmis óviðráðanleg ytri atvik geta haft veruleg neikvæð áhrif á rekstur, afkomu og fjárhagsstöðu félagsins. Slík atvik geta meðal annars falist í náttúruhamförum, svo sem eldgosum, jarðhræringum, jarðskjálftum, gróðureldum, flóðum, snjóflóðum og aurflóðum. Auk þess geta önnur ytri atvik, svo sem verkföll í ferðaþjónustu, heimsfaraldrar, stríðsátök, röskun á flugsamgöngum eða aðrar verulegar samgöngutruflanir, haft áhrif á ferðalög til Íslands og þar með á starfsemi félagsins. Slík atvik geta leitt til niðurfellingar eða tafa á flugi og öðrum samgöngum, raskað aðgengi að starfsstöðvum félagsins og valdið tekjutapi, auknum kostnaði og neikvæðum áhrifum á rekstur, fjárhagsstöðu og orðspor félagsins.

- Félagið á flestar þær fasteignir sem hýsa kjarnastarfsemi þess, þar á meðal baðlón, rannsókna- og þróunarsetur og önnur mannvirki í Svartsengi. Kjarnastarfsemi félagsins er að verulegu leyti staðsett á háhitasvæðinu í Svartsengi á Reykjanesskaga, þar sem jarðhræringar og eldvirkni hafa verið viðvarandi á síðustu árum. Tjón, skert aðgengi eða aukin viðhalds- og fjárfestingarþörf geta haft veruleg neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins.

- Kjarnastarfsemi félagsins í Svartsengi byggist að verulegu leyti á samningi við HS Orku hf. um notkun jarðsjávar, sem gildir til ársloka 2044. Verði skilmálar samningsins endurskoðaðir á óhagstæðum forsendum fyrir félagið, samningurinn ekki framlengdur eða HS Orka ekki fær um að efna skuldbindingar sínar, getur það haft veruleg neikvæð áhrif á rekstrargrundvöll, afkomu, fjárhagsstöðu og sjóðstreymi félagsins.

- Breyttar neysluvenjur, auknar kröfur neytenda og breytingar á eftirspurn geta haft áhrif á sölu vara félagsins og þar með á rekstur og afkomu þess. Vöruþróun er hluti af starfsemi félagsins og miðar meðal annars að því að þróa nýjar vörur, nýta auðlindir nærumhverfisins og mæta breyttum þörfum viðskiptavina. Ekki er tryggt að vöruþróun félagsins skili tilætluðum árangri, að nýjar vörur nái fótfestu á markaði eða að þær mæti væntingum viðskiptavina. Verði rannsókna- og þróunarsetur félagsins óstarfhæft, meðal annars vegna náttúruhamfara, eða ef félagið hefur ekki áfram aðgang að þeim hráefnum eða réttindum sem starfsemin byggist á, getur það haft neikvæð áhrif á tekjur, vaxtaráform, afkomu, virði vörumerkja og orðspor félagsins.

- Félagið vinnur að umfangsmiklum þróunarverkefnum og fjárfestingum. Slík verkefni eru háð forsendum um eftirspurn, kostnað, framkvæmdatíma, fjármögnun, leyfi og arðsemi. Tafir, kostnaðarframúrkeyrsla, breyttar markaðsaðstæður eða önnur frávik frá áætlunum geta leitt til þess að ávöxtun fjárfestinga verði lægri en vænt var eða að virði eigna verði lægra en bókfært virði þeirra.

Lagaleg áhætta

- Starfsemi félagsins lýtur ýmsum lögum, reglugerðum, leyfum og fyrirmælum stjórnvalda. Breytingar á lögum eða reglum sem gilda um starfsemi félagsins, nýjar reglur eða íþyngjandi fyrirmæli stjórnvalda geta haft neikvæð áhrif á starfsemi, rekstur, afkomu og fjárhagsstöðu félagsins.

- Breytingar á skattlagningu lögaðila, virðisaukaskatti, gistináttaskatti, tollum, vörugjöldum eða öðrum opinberum gjöldum geta aukið kostnað félagsins eða haft áhrif á verðlagningu vara og þjónustu. Félagið kann í slíkum tilvikum annaðhvort að þurfa að velta auknum kostnaði út í verð, með tilheyrandi hættu á samdrætti í eftirspurn, eða bera kostnaðaraukann sjálft, sem getur haft neikvæð áhrif á framlegð, rekstur og afkomu félagsins.

Fjárhagsleg áhætta

- Lausafjáráhætta er hætta á að félagið geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar þegar þær falla á gjalddaga. Markmið félagsins er að stýra lausafé með þeim hætti að það hafi nægt handbært fé eða aðgang að fjármögnun til að mæta skuldbindingum sínum á gjalddaga og takmarka þannig hættu á fjárhagslegu tjóni eða neikvæðum áhrifum á orðspor félagsins.

- Vaxtaáhætta er hætta á að breytingar á markaðsvöxtum hafi neikvæð áhrif á vaxtatekjur, vaxtagjöld, sjóðstreymi, afkomu eða fjárhagsstöðu félagsins. Vaxtastig getur meðal annars ráðist af gengisþróun, verðbólgu, verðbólguvæntingum, peningastefnu og almennum aðstæðum á fjármálamörkuðum.

- Verðbólga á Íslandi getur leitt til hækkunar á innlendum rekstrarkostnaði félagsins, þar á meðal launakostnaði, leigugreiðslum, aðföngum og öðrum kostnaðarliðum sem tengjast vísitölu neysluverðs. Mikil verðbólga getur því haft neikvæð áhrif á framlegð og afkomu félagsins, einkum ef félaginu tekst ekki að mæta auknum kostnaði með verðhækkunum á vörum og þjónustu eða öðrum mótvægisaðgerðum.

Áhætta tengd samþættingu Arctic Adventures hf.

- Bláa Lónið hefur gert bindandi kaupsamning um kaup á öllu útgefnu hlutafé Arctic Adventures hf. Öll skilyrði kaupsamningsins, þar á meðal samþykki Samkeppniseftirlitsins, hafa verið uppfyllt. Eftir afhendingu Arctic Adventures til Bláa Lónsins kann samþætting félagsins við starfsemi Bláa Lónsins að reynast flókin og kostnaðarsöm. Væntur rekstrarávinningur og samlegðaráhrif kunna því að verða minni eða koma fram síðar en áætlað er, sem gæti haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar.

C. Lykilupplýsingar um verðbréfin

Helstu eiginleikar verðbréfa

Tegund og flokkur verðbréfa	Verðbréfin sem taka skal til viðskipta eru allir hlutir í Bláa Lóninu hf. Hlutabréfin eru öll í einum flokki og eru jöfn að öllu leyti samkvæmt samþykktum félagsins. Hlutabréfin í Bláa Lóninu hf. eru gefin út í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og eru rafrænt skráð nafnbréf hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð, í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.
Auðkenni	BLUE
ISIN númer	ISIN IS0000036101
Gjaldmiðill verðbréfanna	Íslenskar krónur
Nafnvirði hluta	Útgefnir hlutir í Bláa Lóninu fyrir útboð eru 874.763.489. Hver hlutur er ein króna að nafnvirði.
Réttindi	Allir hlutir í félaginu eru jafn réttháir og engin sérréttindi fylgja þeim. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár á hluthafafundum. Réttindi hluthafa eru háð samþykktum félagsins á hverjum tíma sem og gildandi löggjöf.
Rétthæð verðbréfanna í fjármagnsskipan útgefanda ef til gjaldþrotaskipta kæmi	Við slit eða gjaldþrot hlutafélags fá hluthafar greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína það sem eftir stendur af eignum hlutafélagsins eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar.

Hömlur á meðferð hluta	Engar hömlur eru á meðferð hluta í félaginu. Um framkvæmd eigendaskipta fer skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga og þeim reglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.
Arðgreiðslustefna	Samkvæmt arðgreiðslustefnu Bláa Lónsins hf. er stefnt að því að félagið greiði hluthöfum sínum árlegan arð sem nemur 25-50% af hagnaði næstliðins rekstrarárs. Við ákvörðun arðgreiðslna verður m.a. tekið mið af fjármagnsskipan, lausafjárstöðu, fjárfestingarþörf, rekstrarhorfum, óvissu í rekstrarumhverfi og öðrum þáttum sem hafa áhrif á langtímahagsmuni félagsins og hluthafa.

Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?
Í kjölfar þess að lýsing útgefanda, dagsett 5. nóvember 2026, hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og að loknu almennu útboði mun stjórn Bláa Lónsins óska eftir því að allir útgefnir hlutir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., sem er skipulegur markaður.

Eru verðbréfin með ábyrgð?
Á ekki við. Verðbréfin eru ekki með ábyrgð.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin

- Markaðsáhætta er sú áhætta að markaðsverð hlutabréfa í Bláa Lóninu breytist og þar með virði fjárfestingar í þeim. Breytingar geta orðið bæði í innra og ytra rekstrarumhverfi Bláa Lónsins, sem gætu leitt til þess að tekjur og/eða afkoma félagsins verði undir væntingum á tilteknu tímabili. Slíkar breytingar geta haft neikvæð áhrif á verð hlutabréfa félagsins.

- Sá möguleiki er ávallt fyrir hendi að útgefandi auki hlutafé sitt í framtíðinni, en hlutafjáraukning getur þynnt hlutafjáreign þeirra hluthafa sem ekki taka þátt í þeirri aukningu. Ef útgefandi hækkar hlutafé sitt, með öðrum hætti en útgáfu jöfnunarhlutabréfa, mun hlutfallsleg hlutafjáreign þeirra sem þegar eiga hlutabréf í útgefanda minnka í samræmi við aukninguna, nema þeir fjárfesti í nýjum hlutum í útgefanda í hlutfalli við hlutafjáreign sína.

- Seljanleiki hlutabréfa Bláa Lónsins og markaðsverð þeirra geta breyst með markaðsaðstæðum, afkomu félagsins og öðrum ytri þáttum. Vegna smæðar íslenska hlutabréfamarkaðarins kann að reynast erfitt að selja hlutabréfin á þeim tíma, í því magni eða á því verði sem fjárfestir telur ásættanlegt. Fjárfestar geta því ekki treyst því að geta selt hlutina á eða yfir kaupverði, eða jafnvel selt þá yfirleitt.

D. Lykilupplýsingar um viðkomandi almennt útboð og töku til viðskipta á skipulegum markaði

Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?
Í útboðinu verða boðnir almenningi til kaups 150.000.000 nýir hlutir í Bláa Lóninu. Útgáfa hinna nýju hluta mun leiða til þynningar eignarhluta þeirra hluthafa sem ekki taka þátt í útboðinu. Hækki hlutafé félagsins sem nemur 150.000.000 hlutum verða útgefnir hlutir í félaginu 1.024.763.489. Hlutfallslegur eignarhlutur núverandi hluthafa sem ekki taka þátt í útboðinu mun því lækka um 14,64% og hinir nýju hlutir munu nema 14,64% af útgefnum hlutum félagsins eftir útboðið. Nýju hlutirnir verða seldir í almennu útboði sem áætlað er að hefjist kl. 10:00 þann 10. nóvember og ljúki kl. 16:00 þann 13. nóvember 2026. Útgefandi kann að lengja áskriftartímabilið, sé þess krafist skv. lögum vegna birtingar viðauka við lýsingu þessa eða af öðrum orsökum. Útgefandi áskilur sér einhliða rétt til að fresta áskriftartímabilinu.

Fyrirhugað er að niðurstöður útboðsins og ákvörðun um úthlutun til fjárfesta verði birtar eigi síðar en mánudaginn 16. nóvember 2026. Gjalddagi og eindagi innheimtukrafna vegna útboðsins er fyrirhugaður 18. nóvember 2026. Hlutir verða afhentir fjárfesti eftir að fullnægjandi greiðsla hefur borist frá viðkomandi

fjárfesti og er áformað að afhending hluta fari fram eigi síðar en 20. nóvember 2026. Áætlað er að hlutirnir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. þann 20. nóvember 2026. Þátttaka í útboðinu er heimil öllum þeim einstaklingum sem hafa íslenska kennitölu og eru fjárráða í skilningi lögræðislaga nr. 71/1997, sem og þeim lögaðilum sem hafa íslenska kennitölu, og eru ekki ógjaldfærir í skilningi laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, með þeim takmörkunum sem af lögum kunna að leiða. Fjárfestar sem ekki hafa íslenska kennitölu geta sent inn tilboð í tilboðsbók B í gegnum umsjónaraðila útboðsins. Umsjónaraðilar áskila sér rétt til að krefjast fullnægjandi staðfestingar á gildi tilboða.

Fjárfestar geta valið um tvær tilboðsbækur í útboðinu sem eru ólíkar hvað varðar stærð áskrifta, verðlagningu og úthlutunarreglur. Í tilboðsbók A verða boðnir 45.000.000 hlutir (30% af heildarframboði í útboðinu). Fjárfestar gera tilboð á föstu verði 95 kr./hlut. Lágmarksfjárhæð áskriftar er 100.000 kr. og hámarksáskrift er 20.000.000 kr. Fjárfesti er heimilt að skrá fleiri en eina áskrift í tilboðsbók A en samtala þeirra má ekki vera hærri en 20.000.000 kr. Allir hlutir í tilboðsbók A verða seldir á sama verði. Útboðsgengi tilboðsbókar A verður ekki hærra en útboðsgengi tilboðsbókar B. Komi til umframeftirspurnar verða áskriftir í tilboðsbók A skertar hlutfallslega, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 1.000.000 kr. og flötum niðurskurði beitt á hæstu áskriftir ef það dugar ekki til.

Í tilboðsbók B verða boðnir 105.000.000 hlutir (70% af heildarframboði í útboðinu). Í tilboðsbók B er tekið við áskriftum yfir 20.000.000 kr.[3] Fjárfesti er heimilt að skrá fleiri en eina áskrift í tilboðsbók B en samtala þeirra má ekki vera hærri en heildarstærð útboðsins. Í tilboðsbók B er ekkert hámarksverð áskrifta tilgreint af hálfu seljenda en fjárfestar skulu leggja fram áskriftir á verði sem er jafnt eða hærra en lágmarksverð 95 kr./hlut. Allir hlutir í tilboðsbók B verða seldir á sama verði, sem jafngildir lægsta samþykkta tilboðinu. Áskriftum þar sem verð áskriftar er undir útboðsgengi tilboðsbókar B verður hafnað. Áskriftir sem eru á eða yfir útboðsgengi tilboðsbókar B verða samþykktar, þó þannig að ef umframeftirspurn verður í þessum hluta útboðsins verða áskriftir skertar.

Ekki hefur verið gerður samningur um sölutryggingu útboðsins.

Áskriftum skal skilað í gegnum sérstakan rafrænan áskriftarvef sem aðgengilegur verður fjárfestum á vef Landsbankans, www.landsbankinn.is/blaalonid við upphaf útboðsins. Hlekkur á áskriftarvefinn verður aðgengilegur í gegnum vefsíður umsjónaraðila www.landsbankinn.is, www.fossar.is og á heimasíðu félagsins www.blaalonidhf.is.

Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Lýsing þessi er gerð í tengslum við almennt útboð á 150.000.000 nýjum hlutum í Bláa Lóninu hf. og töku allra hluta í útgefanda til viðskipta á skipulegan markað hjá Nasdaq Iceland hf. Áætlaður heildarkostnaður í tengslum við útgáfu hlutanna og töku þeirra til viðskipta er 266 m.kr. Útgefandi mun ekki leggja kostnað á fjárfesta vegna sölu hlutabréfanna eða töku þeirra til viðskipta. Áætluð nettófjárhæð útboðsins er 13.984 m.kr. Félagið hyggst nýta fjárstreymi frá útboðinu til fjármögnunar framkvæmda og til almennra félagsþarfa eins og þurfa þykir.

Landsbankinn hf. og Fossar fjárfestingarbanki hf. voru ráðnir af útgefanda til þess að hafa umsjón með sölu hlutabréfanna í almennu útboði og fá greidda þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu. Landsbankinn hf. var einnig ráðinn af útgefanda til þess að hafa umsjón með töku hlutabréfanna til viðskipta á skipulegan markað og fær greidda þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu. Landsbankinn hf. er viðskiptabanki og lánveitandi útgefanda. Landsbankinn hf. á 1,72%[4] eignarhlut í félaginu. VÍS tryggingar hf., félag innan samstæðu Skaga og systurfélag Fossa fjárfestingarbanka, á 1,01% eignarhlut í félaginu.

[3] Lágmarksáskrift er því 20.000.001 kr. Í B bók.

[4] Í október 2026 gerði Bláa Lónið bindandi samning við Landsbankann um kaup á 0,78% eignarhlut bankans í Norðurböðunum gegn greiðslu í hlutum í Bláa Lóninu. Viðskiptin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins. Gangi viðskiptin eftir verður eignarhlutur Landsbankans í Bláa Lóninu 1,75%, miðað við núverandi fjölda útgefinna hluta, eða 1,49% eftir útgáfu nýrra hluta í tengslum við útboðið.

Undirritunarsíða

F.h. Bláa Lónsins hf.
Grímur Karl Sæmundsen

Undirritað af:
Grímur Karl Sæmundsen
0402553979
Dags: 05.11.2026
Tími: 20:31:12
Ástæða: 2026 Samantekt Bláa Lónsins
Signet ID: 0a42796f-bef2-4ca0-a5a6-09cc3dfbb349

F.h. Bláa Lónsins hf.
Sigríður Margrét Oddsdóttir

Undirritað af:
Sigríður Margrét Oddsdóttir
0605763359
Dags: 05.11.2026
Tími: 19:00:52
Ástæða: 2026 Samantekt Bláa Lónsins
Signet ID: 0a42796f-bef2-4ca0-a5a6-09cc3dfbb349